

## Greiðslur til framleiðenda

**GREIÐSLUFYRIRKOMULAG TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA** Lágmarksverð mjólkur til mjólkurframleiðenda er ákvarðað af verðlagsnefnd búvöru. Verðið er miðað við svonefnda grundvallarmjólk, en það er mjólk með fitu- og próteininnihald sem er jafnt meðalefnainnihaldi mjólkur síðastliðinna þriggja verðlagsára. Lágmarksverðið miðast einnig við ákveðnar gæðakröfur (sjá síðar í ársskýrslu SAM). Afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er skylt að greiða framleiðendum a.m.k. lágmarksverð fyrir þá mjólk sem tekið er á móti innan greiðslumarks hverju sinni. Fyrir utan tekjur vegna sölu mjólkur til afurðastöðva fá mjólkurframleiðendur greiðslur frá ríkisvaldinu samkvæmt samningi ríkis og bænda um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu.

**GREIÐSLUR AFURÐASTÖÐVANNA** Lágmarksverð fyrir 1. flokks mjólk innan greiðslumarks tekur breytingum eftir samþykktum verðlagsnefndar búvöru og ef breytingar verða á grundvallarmjólk í upphafi hvers verðlagsárs. Frá 1. desember 1993 hafa afurðastöðvar greitt framleiðendum eftir efnainnihaldi mjólkur, 25% miðað við fituinnihald og 75% miðað við próteininnihald meðalmjólkur. Greiðslum lágmarksverðs er skipt milli efnapátta á einingar samkvæmt efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur. Lágmarksverð mjólkur og skipting þess á efnapætti, frá árinu 2007 eru sýnd í töflu 14.

**Tafla 14. Lágmarksverð mjólkur og breytingar þess frá árinu 2007; Lágmarksverð og verð á efnapætti:**

Gildir frá	Skýring	Lágmarksverð	Viðmiðunarmjólk		Verð á efnapátt		Verð á einingu	
		krónur / lítra	Fita	Prótein	Fitu	Prótein	Fita	Prótein
1.1.2007	Frá fyrra ári	47,45	3,99%	3,33%	11,8625	35,5875	2,9731	10,6869
1.6.2007	Hækkun verðs	48,64	3,99%	3,33%	12,1600	36,4800	3,0476	10,9550
1.9.2007	Ný viðmiðunarmjólk	48,64	4,00%	3,35%	12,1600	36,4800	3,0400	10,8896
1.11.2007	Hækkun verðs	49,26	4,00%	3,35%	12,3150	36,9450	3,0788	11,0284
1.1.2008	Hækkun verðs	49,96	4,00%	3,35%	12,4900	37,4700	3,1225	11,1851
1.4.2008	Hækkun verðs	64,00	4,00%	3,35%	16,0000	48,0000	4,0000	14,3284
1.9.2008	Ný viðmiðunarmjólk	64,00	4,00%	3,36%	16,0000	48,0000	4,0000	14,2857
1.11.2008	Hækkun verðs	71,13	4,00%	3,36%	17,7825	53,3475	4,4457	15,8772
1.9.2009	Ný viðmiðunarmjólk	71,13	4,05%	3,35%	17,7825	53,3475	4,3908	15,9246

**GREIÐSLUR RÍKISSJÓÐS** Í sjöttu grein samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er tiltekið hve háar fjárhæðir verða greiddar til stuðnings mjólkurframleiðslu til loka verðlagsársins 2011/2012. Skipting framlaga ríkissjóðs á samningstímanum er sýnd í töflu 15 á næstu blaðsíðu.

Tafla 15. Framlög og skipting þeirra í milljónum króna.

Verðlagsár	Heildar- fjárhæðir	Beingreiðslur	Kynbóta- og þróunarfé	Gripagreiðslur	Óframleiðslu- tengdur stuðningur
2005/2006	4000	3900	100	0	0
2006/2007	3960	3465	99	396	0
2007/2008	3920	3381	98	392	49
2008/2009	3881	3299	97	388	97
2009/2010	3842	3218	96	384	144
2010/2011	3804	3139	95	380	190
2011/2012	3766	3014	94	376	282

Heildarfjárhæðir beingreiðslna ríkisins eru fastar upphæðir á hverju verðlagsári samningstímans óháð heildargreiðslumarki. Af því leiðir að hækki greiðslumark þá lækka beingreiðslur á lítra, því sami stuðningur dreifist á fleiri lítra, lækki greiðslumark hækka greiðslur á hvern lítra að sama skapi.

Fjárhæðir í samningnum voru miðaðar við verðlag 1. janúar 2004 og tóku samkvæmt samningnum mánaðarlegum breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs (til verðtrygginga). Með breytingu á samningnum 18. apríl 2009 var heildarfjárhæð samningsins breytt og jafnframt ákveðið að verðlagsárið 2009/2010 skyldi vera frá 1. september 2009 til 31. desember 2010. Frá og með 1. janúar 2011 fylgja verðlagsár almanaksárum. Samkvæmt reglugerð nr. 648/2009 er greiðslumark verðlagsársins 2009/2010 samtals 155 milljónir lítra og beingreiðslur á tímabilinu 5.881 milljónir króna. Meðalbeingreiðsla verðlagsársins 2009/2010 er því 37,94 kr/ltr (5.881 milljónir króna / 155 milljónir lítra = 37,94 kr/ltr).

Samkvæmt búvörusamningi skulu beingreiðslur greiddast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða greiðslutilhögun fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk eru nú ákvörðuð með reglugerð nr. 648/2009.

**VIÐMIÐUNARMJÓLK** Efnainnihald viðmiðunarmjólkur er meðalefnainnihald í mjólk á landinu síðustu þrjú verðlagsár. Nýtt efnainnihald viðmiðunarmjólkur reiknast í upphafi hvers verðlagsárs og gildir fyrir það ár. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur breyttist milli verðlagsáranna 2008/2009 og 2009/2010. Fita viðmiðunarmjólkur var 4,00% og prótein 3,36% verðlagsárið 2008/2009, en fyrir verðlagsárið 2009/2010 er fita 4,05% og prótein 3,35%.

**PRÓUN Á VERÐI TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA** Í eftirfarandi töflu er sýnt verð til framleiðenda 1. september síðustu 10 ár, miðað við mjólk með 4,2% fitu og 3,4% prótein að meðaltali. Verðið var 69,24 kr/litra 1. september 2000 og 110,53 kr/litra 1. september 2009.

Tafla 16. Verð til framleiðenda á lítra af mjólk með 4,2% fitu og 3,4% próteini pr. 1. sept. ár hvert 2000 – 2009.

Greiðsla	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Afurðastöðvaverð á lítra	37,35	39,1	41,61	42,97	44,00	45,52	46,76	49,79	65,37	72,59
Beingreiðsla á lítra*	31,89	33,48	35,81	37,14	38,03	37,15	34,29	34,31	37,36	37,94
Verð alls á lítra	69,24	72,58	77,42	80,11	82,03	82,67	81,05	84,10	102,73	110,53

\*Meðalbeingreiðsla á lítra á ársgrunni á verðlagi viðkomandi mánaða.